


Hvað er á seyði um helgina?



Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkprófestsdæmi sunnudaginn 15. marz 1981.

ARBEJARPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbejarsóknar kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta í safnaðarheimili kl. 2. Dagur eldra fólks í söfnuðinum. Samvera með dagskrá eftir messu. Guðmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar, talar. Jóhanna Möller syngur einsöng, auk annarra dagskráratriða. Kaffi- og veitingar Kvenfélags Árbejarsóknar. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ASPRESTAKALL: Kirkjudagur Asprestakalls. Helgistund að Norðurbrún 1 kl. 2. Veizluáffri framreitt að henni lokinni og til kl. 18. Aðgangsá m.a.: Tónlistarflutningur Guðmundar Guðjónssonar og Sigfúsar Halldórssonar og kirkjukór Asprestakalls. Sr. Arni Bergur Sigurbjörnsson.

BREIÐHOLTSRESTAKALL: Kl. 10.30 barnasamkoma í Breiðholti. Kl. 14. messa í Bústaðakirkju. Litania Bjarna Þorsteinssonar, Organisti Daniel Jónssonar. Eftir messu er básar og kaffisala Kvenfélags Breiðholti í safnaðarheimili til ágóða fyrir byggingu Breiðholti. Kl. 20.30. Almenn samkoma safnaðanna í Breiðholti miðvikudag kl. 20.30 að Seljabraut 54. Sr. Lárus Halldórsson.

BÚSTADAKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Kl. 2 kirkjudagur Breiðhollissafnaðar. Sr. Lárus Halldórsson messar og Kvenfélag Breiðholti annast kaffisölu. Kl. 20.30. „Konukvöld“ Braðræðslu Bústaðakirkju. Sr. Ólafur Skúlason.

DIGRANESPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimili við Bjarnholastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

DÖMKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Efliehimilið Grund: Messa kl. 2. Sr. Guðmundur Sveinsson skólameistari messar. Félag fyrr. sóknarpresta.

FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL: Laugardagur: Barnasamkoma í Hólalækjavogi kl. 2 e.h. Sunnudagur: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11. Guðsþjónusta í safnaðarheimili að Keilufelli 1 kl. 2 e.h. Miðvikudagur: Sameiginleg samkoma safnaðanna í Breiðholti kl. 20.30 að Seljabraut 54. Sr. Heim Hjartarson.

GRENSÁSKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Jón G. Þórarinnsson. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

DÖMKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Sunnudagur kl. 11: Messa. Sr. Þórir Stephensen. Kl. 2 Fóstumessa. Dömkörinn syngur. Organleikari Marteinn H. Fríðriksson. Sr. Hjalti Guðmundsson. **Landakotspítali:** Messa kl. 10. Sr. Hjalti Guðmundsson. Organleikari Marteinn H. Fríðriksson.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalal Lárússon. Messa kl. 2. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Kvöldbænir og lestur Passíusalma alla virka daga nema miðvikudaga og laugardaga kl. 18.15. Þriðjudagur. 17. marz: Fyrirbæna Guðsþjónusta kl. 10.30. Bedið fyrir sjúkum. Miðvikudagur. 18. marz: Fóstumessa kl. 20.30. Sr. Karl Sigurbjörnsson. **Landspítali:** Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HÁTEIGSKIRKJA: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Arngímur Jónsson. Messa kl. 2. Sr. Tómas Sveinsson. Fimmtudagur 19. marz: Fóstuguðsþjónusta kl. 20.30. Organleikari Ulf Þrunner. Sr. Tómas Sveinsson.

KÁRSNESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Kársnesskóla kl. 11 árd. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 2. Prestur sr. Árelius Nielsson. Sr. Arni Pálsson. **LANGHOLTSKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 11. Um stundina sjá Sigurður Sigurgeirsson og Jón Stefánsson ásamt prestinum. Guðsþjónusta kl. 2. Profestsstaðar. Dömprefastur, sr. Ólafur Skúlason, heimæckir söfnuðinn og predikar við guðsþjónustuna. Organleikari Jón Stefánsson. Altarissþjónusta sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Eftir guðsþjónustuna verður fundur prófests með söfnuðinum. Kaffi- og veitingar. Safnaðarstjórn.

LAUGARNESPRESTAKALL: Laugardagur. 14. marz: Guðsþjónusta að Háruni 10b. miðdaga kl. 11. Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Þriðjudagur: Bæna Guðsþjónusta á föstu kl. 18 og æskulýðsfundur kl. 20.30. Fóstudagur: Síðdegiskaffi kl. 14.30. Sóknarprestur.

NESKIRKJA: Barnasamkoma kl. 10.30. Messa kl. 2. Kaffisala eftir messu til ágóða fyrir kaup á tauga-greini. Fóstuguðsþjónusta fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

SELJASÖKN: Barnaguðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 10.30 árd. Barnaguðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 2 e.h. Sameiginleg samkoma safnaðanna í Breiðholti nk. miðvikudagskvöld kl. 20.30 að Seljabraut 54. Sóknarprestur.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Sigurður Isólfsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson.

NÝJA POSTULAKIRKJAN. Háaleitisbraut 58: Messa sunnudag kl. 11 og 17.

KEFLAVÍKURKIRKJA: Guðsþjónusta í sjúkrahúsinu kl. 10.30. Sunnudagskófi kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14.

Sýningar

Listasöfn

LISTASAFN ALPÝÐU, Grensásvegur 16: Sýning á verkum í eigu safnsins. Ópið 16-20 virka daga, 14-20 um helgar.

GALLERÍ LANGBRÖK, Amtmannsstíg 1: Ingi

Myndlistarsýning vikunnar:

Þorbjörg og Guðrún Svava að Kjarvalsstöðum — Ítalíumyndir og fiðrildi

Þær stóllur Þorbjörg Höskuldsdóttir og Guðrún Svava Svavarsdóttir láta mjög til sín taka á ýmsum sviðum listarinnar, m.a. hafa þær unnið bæði í brúðuleikhúsi og venjulegu leikhúsi, auk þess sem þær búa til málverk og grafíkmyndir.

Í listinni eru þær kannski ekki allveg samstíga, en eiga það þó sameiginlegt að veruleikinn er þeim hugleiknari en óveran. Þó hefur Þorbjörg verið staðin að því að mála draumkenndar myndir.

Nú sýna þær saman í vestursal Kjarvalsstaða og verður sýning þeirra opnuð á laugardag kl. 15 með ljúfum flautuleik Manuclu Wiesler. Á sýningunni munu vera 30-40 verk, en þar af eru margar myndir Svövu í þörtum eða róðum.

Í málverkum Þorbjargar eru tilvitnanir í klassísk ítölsk mótíf og því lá beinasti við að spyrra hana um orsakirnar. „Jú, þetta er afkastur Ítalíudvalar í nóvember, en mér var veittur styrkur frá Menntamálaráði til að ferðast þangað.“ svarði Þorbjörg. „Ég dvaldi aðallega í Róm, var þarna eins og hver annar túrhestur og lifði á söfnum. Ut úr þeirri dvoli komu þessar myndir og eru margar þeirra málaðar á þessu ári. Hvað ég sé að reyna að gera? Já, ætli ég sé ekki að reyna að gera málverkin einfaldari og völdugri í uppbyggingu. En aðrir verða að dæma um hve vel þefur tekizt“.

Myndir Guðrúnar Svövu vekja athygli fyrir nákvæmni í úrvinnslu og



Hér veifa þær stóllur Guðrún Svava og Þorbjörg örmum skúlpútur eftir Gerði Helgadóttur við Kjarvalsstaði.

einföld mótíf sem stækkud eru upp í risastærðir. Viðfangsefnið eru hendur, rósir, fiðrildi og annað sem hún hefur fjallað um áður. Guðrún Svava var spurð nánar út í þessar myndir:

„Ætli megji ekki heimfæra myndradirnir á konsept list að einhverju leyti?“ sagði hún. „Annars finnst mér ég alltaf vera að segja svolitlar sögur í þessum myndum, sem ganga þá út á frelsi og ófrelsi. Jú, þarna eru líka litlar útsetningar með sama efni. Það getur verið að þetta séu áhrif frá leikhúsinu, þar sem maður vinnur

stórar leikmyndir, en ég hef eaman að því að sjá hvernig viðfangsefnið plumar sig í mikilli stærð. Það er líka gaman að geta breitt úr sér í sýningar-sal eins og þessum.

Hvort ég sé hrædd við rómantíkuna í mótífum eins og blómum, fiðrildum o.þ.u.l.? Ég held ekki. Ég hef alltaf verið rómantísk í mér og finnst ég ekki vera að taka neina sérstaka áhættu í þessum myndum. Svo hef ég lömskt gaman af því að vera næstum væmin.“ sagði Guðrún Svava að lokum.

-AI.



Ingi björg Sigurðardóttir opnar sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Langbrök í dag kl. 12. Sýningin er „eins konar allarleikur“ að því er listakonan sefir.

laugardag kl. 15 með flautuleik Manuclu Wiesler. Ópin til 29. mars kl. 14-22 alla daga.

DJÚPIÐ, Hafnarstræti (Hornid): Karl Júlíusson, Fingalún og Flygildi, skúlpúr. Ópið 11-23,30 alla daga.

GALLERÍ Suðurgata 7: Engin sýning um helgina.

NORRÆNA HÚSÍÐ: Kjallari: Matthea Jónsdóttir. Ópin laugardag Ópið 14-22 alla daga.

LISTMUNAHÚSÍÐ, Lækjargötu 2: Engin sýning um helgina.

Frá Kjarvalsýningunni að Kjarvalsstöðum. Þar eru margar dyrgripir sem aldrei hafa komið fyrir almenningssjóni.

Þær Þorbjörg Höskuldsdóttir og Guðrún Svava Svavarsdóttir opna sýningu að Kjarvalsstöðum á laugardag. Hér má sjá Þorbjörgu ásamt einu málverka sinna.

Frumkýning helgarinnar:

— Punktur, punktur, komma, strik:

Það telst til merkisatburða þegar íslensk kvikmynd er frumsýnd. Punktur, punktur, komma, strik, gerð eftir samnefndri skáldsögu Péturs Gunnarssonar, verður frumsýnd í kvöld í Háskólabíói fyrir boðsgesti. Á morgun, laugardag, hefjaz síðan almennar sýningar á myndinni í Háskólabíói og Laugarásbíói.

Alls koma um þrjú hundruð manns fram í Punktinum. Þar á meðal eru mörg börn og unglíngar, en einnig bregður fyrir mörgum atvinnuleikurum. Aðalhlutverkid. Andra, leika tveir piltar, þeir Petur Björn Jónsson og Hallur Helgason. Foreldra Andra leika Kristbjörg Kjeld og Erlingur Gíslason. Meðal annarra leikara má nefna Önnu Höllu Hallsdóttur, Valdemar Helgason, Aróru Halldórsdóttur, Karl Guðmundsson, Flosa Ólafsson, Baldvín Halldórsson, Evert Ingólfsson, Bjarna Steingrímsson og Höllu Guðmundsdóttur.

Kvikmyndahandritid skrifaði leikstjóri myndarinnar, Þorsteinn Jónsson. Kvikmyndatákan var í höndum Sigurðar Sverris Pálssonar. Leikmyndina gerði Björn Björnsson, Valgeir Guðjónsson samdi tónlist og Friður Ólafsdóttir sá um búninga. Aðstoðarleikstjóri er Þórhallur Sigurðsson.

Punktur, punktur, komma, strik var tekin í júlí og ágúst á síðasta ári í

Um 3 hundruð manns koma fram í myndinni

Reykjavík, Borgarfiðri, á Suðurnesinu, undir Eyjafjöllum og víðar. Framleiðslukostnaður myndarinnar nemur um 1,5 milljónum króna. Kvikmyndasjóður styrkti verkið með 230.000 króna framlagi. Afgangurinn er fjármagnaður með lánum. Framleiðandi er Kvikmyndafélagið Óðinn. — ÁT



Úr kvikmyndinni Punktur, punktur, komma, strik. Andri (Pétur Björn Jónsson) skoðar dauða pressaða hænu, sem sveitastrákarnir (Þór Jóhannesson og Páll Tryggvi Karlsson) sýna honum.